



FUNDARGERÐ 510. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 15. janúar 2025. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Kristinn Andersen, í fjarveru Valdimars Víðissonar.

Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri boðar forföll.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Aðgerðaáætlun vegna lokun Dalveg

Í september árið 2022 barst SORPU erindi frá bæjaryfirvöldum í Kópavogi þar sem farið var fram á að lóðinni sem endurvinnslustöðin við Dalveg stendur á yrði skilað þann 1. september 2024. SORPA brást við erindinu með stofnun starfshóps, sem lagði í apríl 2023 til nýja staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað stöðvarinnar við Dalveg. Þar sem sú staðsetning þótti ekki henta var öðrum starfshóp falin leit að annarri staðsetningu í desember árið 2023. Sumarið 2024 komust Kópavogsbær og SORPA að samkomulagi um að fresta skilum á lóðinni við Dalveg til 1. september 2025. Seinni starfshópurinn skilaði svo niðurstöðu, þar sem lagt var til að ný stöð yrði á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi. Hópurinn áætlað að tvö til fjögur ár taki að koma stöðinni í virkni. Því verða fimm endurvinnslustöðvar SORPU á höfuðborgarsvæðinu í stað sex í eitt til þrjú ár þar til ný stöð opnar. Til að mæta þeim áskorunum sem skapast vegna lokunar stöðvarinnar við Dalveg leggja stjórnendur SORPU fram aðgerðaáætlun til að draga úr neikvæðum áhrifum þessara breytinga.

Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs gerir grein fyrir aðgerðaáætluninni.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Kynning fylgir fundargerð.

2. Endurfjármögnun á láni

Í fjárhagsáætlun SORPU bs. fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir endurfjármögnun á eingreiðsluláni hjá Íslandsbanka. Var sú fyrirætlun kynnt í fjárhagsáætlun SORPU bs. og var hún samþykkt af stjórn á fundi nr. 507. dags 18.10.2024 og á eigendafundi nr. 51, dags 25.10.2024.

SORPA bs. óskar eftir heimild eigenda til að endurfjármagna lánið hjá Íslandsbanka nr. 505200687 frá dags 20.2.2019 að fjárhæð krónur 666.666.670,-. Lánið gjaldfellur dags 05.06.2025. Vaxtakjörin á láninu eru 10,75% og er SORPA bs. komin með lánsloforð hjá LSS til endurfjármögnunar á umræddu eingreiðsluláni með fyrirvara um samþykki stjórnar og eigenda SORPU bs.

Fjármálastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um endurfjármögnunina. Stjórn samþykkir endurfjármögnunina og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

Minnisblað fylgir fundargerð.



3. Gallup viðhorfsskönnun til SORPU.

Árlega er gerð könnun meðal landsmanna um neysluvenjur. SORPA kannar í henni hug íbúa á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar úrgangs, þjónustu SORPU, ímyndar hennar og hvað megi betur fara í starfsemi byggðasamlagsins.

Sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasvið gerir grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar Gallup.

Kynning fylgir fundargerð.

4. Önnur mál

Undanfarna mánuði hafa stjórnendur SORPU og forsvarsmenn hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu átt í samtali vegna móttöku á hrossataði. Forsvarsmönnum hestamannafélaganna þykir gjaldskrá fyrir móttöku hrossataðs í Álfsnesi há, eða 25,68 krónur á kíló með virðisaukaskatti. Áðurnefndir aðilar hafa leitað leiða til að lækka gjaldskrá og hefur því samtali miðað vel. Á fundi sem aðilar áttu þann 14. janúar 2025 kom í ljós að forsvarsmenn hestamannafélaganna hefðu fundið hrossataði farveg sem myndi nýtast þeim tímabundið, væri í samræmi við kröfur til meðhöndlunar þess og væri hagstæðari en farvegur SORPU.

Starfskjaranefnd kom saman í desember 2024 og kemur aftur saman í janúar.

Áhættunefnd, sem kemur saman á tveggja vikna fresti, vinnur að undirbúningi áhættuskýrslu. Stefnt er að framlagningu skýrslunnar í drögum á fundi stjórnar í febrúar.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 5. febrúar klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:00.